Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kolbrún S. Briem
Múlalind 3
200 Kópavogur

Kópavogi, 29. október 2024
24082903/001.02 HO

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**Efni: Afturköllun byggingarleyfis**

Með bréfi byggingarfulltrúa dags. 11. september sl. var tilkynnt að byggingarfulltrúi áformaði, með vísan til 2. tl. 1.mgr. 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að fella úr gildi byggingaleyfi, sem samþykkt var á fundi byggingarfulltrúa þann 12. júlí 2024, til að gera kvist á bílskúr á lóðinni nr. 3 við Múlalind, þar sem ekki væri heimild fyrir honum í deiliskipulagi auk þess sem þegar byggður kvistur er ekki í neinu samræmi við samþykkta uppdrætti. Var jafnframt veittur 14 daga frestur frá móttöku bréfsins til að koma að athugasemdum við fyrirhuguð áform. Bréfið var afhent í ábyrgðarpósti þann 13. september sl. og frestur til athugasemda því liðinn, en engar athugasemdir hafa borist.

Í ljósi ofangreinds tilkynnist hér með að framangreint byggingarleyfi er hér með fellt úr gildi.

**Vakin er athygli á að ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er 1 mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um hina kæranlegu ákvörðun, skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.**
**Aðsetur nefndarinnar er í Borgartúni 21, Reykjavík. Sjá nánar uua.is**

F.h. byggingarfulltrúa Kópavogsbæjar

Harri Ormarsson
Lögmaður